



## Ársskýrsla æskulýðsnefndar LH Starfsárið 2010-2011

## ÆSKULÝÐSNEFND LH 2010 – 2011



Þátttakendur á Youth Camp 2011 Talið frá vinstri Dagur Mar Sigurðsson, Örn Ævarsson, Sólrún Einarsdóttir, Aníta Lind Björnsdóttir, Ragnar Þorri Vignisson, Dórothea Ármann og Jónðís Hálfðánsdóttir (fyrir framan)

### NEFNDIN

Á síðasta starfsári var æskulýðsnefndin skipuð eftirtöldum: Helga B. Helgadóttir formaður, Sigríður Birgisdóttir ritari og meðstjórnendur Sóley Margeirsdóttir, Þorvarður Helgason og Andrea Þorvaldsdóttir. Nefndin átti nokkra fundi á árinu og notaði einnig mikið tölvupóst við úrvinnslu mála.

### SAMKOMA CAMPARA OG CUPARA

Þann 19. október 2010 var boðað til fundar með þeim unglíngum sem tekið hafa þátt í FEIF Youth Cup og Camp á árunum 2005 – 2010. Hugmyndin var að húa saman þeim stóra hópi sem farið hefur erlendis á vegum LH og styrkja tengslin á milli þeirra, en þau eru víðsvegar að af landinu. Hópurinn hittist í Fákshéimilinu og voru sýndar myndir, sagðar sögur og pantaðar pizzur og gos. Var þetta afar skemmtilegt kvöld sem heppnaðist vel.

### RÁÐSTEFNA Í NOREGI

Tveir fulltrúar úr æskulýðsnefndinni sóttu **Nordic Conference on Sport for Children and Youth** sem haldinn var í Lillehammer í Noregi 8. – 11. september sl. Ráðstefna þessi er haldin á þriggja ára fresti á Norðurlöndunum. Átta sérsamböndum frá ÍSÍ var boðið að sækja ráðstefuna og fóru fyrir hönd LH þau Helga B. Helgadóttir formaður æskulýðsnefndar og Þorvarður Helgason formaður U21, einnig í æskulýðsnefnd LH. Haldnir voru afar áhugaverðir fyrirlestrar um þjálfunarmál barna og unglínga, brottfall iðkenda, aðkomu aðstandenda og foreldra svo eitthvað sé nefnt. Fyrirlesarar komu úr

röðum færustu manna á þessu sviði, próffessorar, þjálfarar og afreksíþróttamenn og studdust þeir við áhugaverðar rannsóknir í fyrirlesturum sínum. Það er nokkuð mismunandi hvernig staðið er að menntunarmálum á hinum Norðurlöndunum í hestamennsku en greinilega mikill metnaður í þeirra starfi. Athyglisvert fannst okkur að mikil breidd er í menntunarmálum þ.e. að hægt er sækja sér réttindi til að leiðbeina á hinum ýmsu stigum hestamenskunnar, styttra nám til að leiðbeina börnum og unglingum allt upp í 6 ára nám til meistaraáttunda. Ráðstefna sem þessi er okkur sem komum að þessum málum mikill og góður innblástur og munum við koma því sem við lærðum til þeirra sem fara með menntunarmál reiðkennara hér á landi. Þar sem við erum með hátt menntunarstig hér á landi má segja að það vanti að „þrjóna við“ það neðanfrá, þ.e. að bjóða uppá menntun fyrir þá sem vilja kenna/leiðbeina yngri flokkum í hestamennsku.

## FEIF RÁÐSTEFNA 2011

Fulltrúi frá Íslandi sem einnig situr í æskulýðsnefnd FEIF sótti ráðstefnu 24. – 25. febrúar sl. sem haldin var í Vín í Austurríki. Alls sóttu fundinn 11 æskulýðsfulltrúar frá jafnmörgum löndum. Í upphafi fundar var stutt kynning á starfi þeirra aðildarlanda sem sóttu fundinn. Síðan var stuttlega farið yfir væntanlegan Camp í Skotlandi í sumar og síðan farið yfir hvernig til tókst á Cup í Danmörku 2010. Farið var yfir FIRO reglur og kynnt var fyrirhuguð hestaferð í Svíþjóð, ásamt því að ræða hestaferð á Íslandi 2012. Mikill áhugi var hjá fundarmönnum fyrir slíkri ferð til upprunalands íslenska hestsins.

Fleira var rætt á fundinum og fyrir áhugasama má sjá fundargerð hér:

<http://www.feiffengur.com/documents/minutesYouth2011.pdf>

## FEIF YOUTH CAMP 2011

Það voru 8 unglingar sem fóru á Youth Camp í Skotlandi. Fararstjóri var Andrea M. Þorvaldsdóttir úr æskulýðsnefnd. Fyrsti dagurinn fór í að kynna þátttakendurna fyrir hvor öðrum og skipa þeim í lið, sem þau voru svo í allan tímann ásamt því að vera með löndum sínum. Mjög margt var gert á Camp og má þar nefna að farið var á skoska landbúnaðarsýningu, þar mátti meðal annars sjá Hereford naut, Clydesdale hesta og mjög mikið af skrítnum kindum. Fi Pugh hélt fyrirlestur um þjálfun og krakkarnir voru nú ekki alveg móttækileg í fyrstu og fannst margt sem hún sagði ekki gáfulegt. En þegar búið var að útskýra fyrir þeim að þetta væri bara ein leið til þjálfunar og gott væri að stúdera margar aðferðir fannst þeim þetta bara fróðlegt. Einnig var farið í heimsókn á dýraspítala, Edinborgarkastali heimsóttur, haldið diskótek og einnig lærðu þau að dansa skoskan dans, Caleigh. Farið var í reiðtúra á íslenskum hestum í skosku umhverfi og fannst öllum það mjög gaman.



Krakkarnir fengu leiðsögn í póló og voru allir sammála um að þetta er eitthvað sem við þurfum að gera á íslensku hestunum. Hesturinn býr yfir svo mikilli snerpu og hraða að kennarinn sagði að ef við kæmum með íslenskt lið bæði íslenska knapa og hesta væri það ekki spurning um að við mundum vinna póló pony hestana þeirra.



Þau prófuðu Voltíng (fímleika á stórum hestum), krakkarnir stóðu sig mjög vel í þessu. Byrjað var að æfa á tunnum og svo var skellt sér á bak á risastórum hestum þar sem hinar ýmsu æfingar voru gerðar.

Þegar Camp var búinn fóru þau til Englands og voru í 2 nætur hjá Kirsty Carson sem sá um Campinn og manni hennar Frank Carson. Þar fóru krakkarnir á hestbak á íslenskum hestum og fóru svo á hestaleigu og prufuðu stóra hesta. Það var skemmtileg upplifun og voru krakkarnir sammála um að það er nauðsynlegt að eiga einn aukadag eftir að Camp er búinn til að slaka aðeins á og versla og vera saman.



Íslensku krakkarnir voru landi og þjóð til fyrirmyndar og fengu hrós frá formanni æskulýðsnefndar FEIF.

## NÝLIÐUN

Það er nefndinni mikið kappsmál að hlúa að nýliðun í hestamenskunni. Spurning er hvernig best er að standa að því og hvort og hvernig æskulýðsnefnd LH getur komið þar að. Samkvæmt okkar niðurstöðum úr óformlegri könnun sem gerð var meðal æskulýðsfulltrúa kom fram að börn og unglingar hafa meiri stuðning að stíga sín fyrstu spor í minni félögum þar sem flestallir þekkjast vel og nálægðin því meiri. Ekki er að svo stöddu talin ástæða til að nefndin leggi vinnu í að útfæra hugmyndir um eflingu nýliðunar.

## STARFSÁRIÐ FRAMUNDAN

Enn ætlum við að reyna að skipuleggja ráðstefnu fyrir æskulýðsfulltrúa. Við teljum vænlegast til árangurs í vinnu æskulýðsfulltrúa að halda eina ráðstefnu, frekar en að við förum í fundarferð um landið. Vonandi náum við að auglýsa ráðstefnu í upphafi næsta árs og náum þeim fjölda þátttakenda sem er skilyrði til að halda ráðstefnu sem þessa.

FEIF Youth Cup verður haldin í Þýskalandi í júlí 2012 og mun verða auglýst eftir umsóknum þegar líða tekur á veturinn. Æskulýðsfulltrúar eru hvattir að kynna þetta vel fyrir unglungum og hvetja þau til að sækja um.

Rætt hefur verið um að halda alþjóðlegar reiðbúðir (camp) á Íslandi fyrir unglunga úr aðildarlöndum FEIF og er nefndin nú að kanna verð og aðstöðu. Einnig er hugmynd í gangi að bjóða uppá það sama fyrir íslenska unglunga úr öllum hestamannafélögum landsins.

Að endingu viljum við minna á Handbók æskulýðsfulltrúa sem er á heimasíðu LH og er í stöðugri vinnslu. Ef lesendur sakna upplýsinga sem þar eiga heima eða annað sem betur

má fara, þá viljum við endilega heyra frá ykkur. Handbókin á að vera þeim sem lesa hana til gagns og eflingar í öllu æskulýðsstarfi.

## ÆSKULÝÐSBIKAR LH

Árlega er því félagi sem skarað hefur framúr í æskulýðsmálum veittur Æskulýðsbikar LH, sem gefinn var af HÍÐ 1996.

Á ársþingi LH sem haldið var á Akureyri í október 2010 var æskulýðsbikarinn afhentur hestamannafélaginu Loga í Bláskógarbyggð sem lagði mikinn metnað í að byggja upp æskulýðsstarfið og hefur m.a. hlotnast sá heiður að fá afhentan unglingsbikar héraðssambands síns.

Það félag sem hlýtur Æskulýðsbikarinn fyrir starfsárið 2010 - 2011 verður tilkynnt á formannafundi LH í Reykjavík 4. nóvember 2011.

Listi yfir þau félög sem hafa verið handhafar bikarsins frá upphafi:

1996 Léttir	2004 Blær
1997 Gustur	2005 Andvari
1998 Sörli	2006 Léttir
1999 Hörður	2007 Máni
2000 Freyfaxi	2008 Þytur
2001 Máni	2009 Dreyri
2002 Smári	2010 Logi
2003 Fákur	2011

f.h. Æskulýðsnefndar LH  
Helga B. Helgadóttir formaður